


Ísafjarðarbær
b.t. Axel R. Överby
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Stjórnsýsluhúsinu
Hafnarstræti 1, Pósthólf 56
400 Ísafjörður



Hella 13. mars 2018
UST201802-247/J.S.J.
10.04.03

Umsögn Umhverfisstofnunar um deiliskipulag frístundabyggðar Sandasker, Dýrafirði

Vísað er til erindis skipulags- og byggingafulltrúa Ísafjarðarbæjar er barst 20. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð F25, Sandasker í Dýrafirði.

Fram kemur í tillögunni að markmið deiliskipulagsins er að húsin verði byggð með áherslu á vistvæna og sjálfbæra hugmyndafræði. Við útfærslu verði leitast við að skerða ekki sérstöðu svæðisins, heildarásýnd og náttúru. Hús og umhverfi, þar með talin aðkomá að svæðinu, skulu þannig staðsett og hönnuð að þau falli sem best að umhverfi sínu og að jarðrask verði í lágmarki. Leyfilegt verði að byggja alls fimm frístundahús á sér lóðum með sérstakri áherslu á vistvæna uppbyggingu og með sjálfbærni að leiðarljósi. Hver lóð verður 10.000m² að stærð

Skipulagssvæði

Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhugað deiliskipulagssvæði er á svæði á náttúruminjaskrá nr. 311, þ.e. skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, Þingeyrarhreppi, V-Ísafjarðarsýslu. Allur skaginn utan ræktaðs lands og þéttbýlis ásamt löndum Hrafnseyrar og Gljúfurár í Arnarfirði. Til austurs ráða mörk svæðis nr. 313 í fjallið Sjónfríð, þaðan lína í upptök Hofsar í Borgarfirði og með henni til sjávar. Fjölbreytt landslag, gróðursælar hlíðar og dalir, umgirt stórskornu fjallendi. Framhlaup og jökulminjar.


Umhverfisstofnun tekur undir áætlun um samnýtingu nauðsynlegra innviða eftir því sem kostur er, s.s. veitur, bílastæði, heimreiðar, stiga, útivistarsvæði o.fl. Stærðir og útlit frístundahúsa skulu taka mið af umhverfi, þ.e. náttúrulegu landslagi. Einnig að jarðraski skuli haldið í lágmarki og jarðvegsyfirborð(svarðlag) sem vikur fyrir byggingu skuli tekið frá og endurnýtt eins og kostur er.


Fram kemur í tillögu að deiliskipulagi að ekki er gert ráð fyrir trjágróðri á svæðinu umfram það sem fyrir er. Í næsta nágenni við svæðið, austanvert, er land að mestu gróið lúpínu og verður leitast við að hefta útbreiðslu hennar inn á svæðið. Leitast verður við að skerða sem minnst af því gróðursviði sem fyrir er á svæðinu og viðhalda því eins og kostur

er. Umhverfisstofnun bendir á að í XII. kafla 70. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 segir að við skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Umhverfisstofnun telur miklægt að huga að sjónrænum áhrifum skógræktar, þannig að ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði

Umhverfisstofnun bendir einnig á að skv. 1. og 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, skal forðast að raska vistkerfum og jarðminjum s.s. votlendi eða mikilvægum birkiskógum sem njóta sérstakara verndar, nema brýna nauðsyn beri til. Skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Áður en leyfi er veitt skal leyfisveitandi m.a. leita umsagnar Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllst


Jón Smári Jónsson
Sérfræðingur


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur